

## AUGLÝSING

**um afturköllun ákvörðunar um það með hvaða hætti sameining sveitarfélaganna  
Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs  
og Seyðisfjarðarkaupstaðar öðlast gildi.**

Að beiðni stjórnar til undirbúnings að stofnun nýs sveitarfélags vegna sameiningar sveitarfélaganna Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar og að fengnu samþykki viðkomandi sveitarstjórna, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið afturkallað ákvörðun sína frá 14. febrúar 2020, sbr. auglýsingu nr. 115/2020 í B-deild Stjórnartíðinda, um það með hvaða hætti sameining sveitarfélaganna í eitt sveitarfélag öðlast gildi, á grundvelli VII. bráðabirgðaákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Falla þar með allar ákvarðanir ráðuneytisins skv. 125. gr. sveitarstjórnarlaga úr gildi, svo sem boðun sveitarstjórnarkosninga, þ.m.t. kosningar til heimastjórna, hinn 18. apríl 2020, og gildistaka sameiningarinnar, hinn 3. maí 2020.

Ákvörðun ráðuneytisins um staðfestingu sameiningar sveitarfélaganna, skv. 122. gr. sveitarstjórnarlaga, sem einnig var birt í auglýsingu nr. 115/2020 í B-deild Stjórnartíðinda og staðfesting á samþykkt um stjórn og fundarskóp hins nýja sveitarfélags, sbr. auglýsingu nr. 190/2020 í B-deild Stjórnartíðinda, falla ekki niður.

Ráðuneytið mun, að tillögu stjórnar til undirbúnings að stofnun hins nýja sveitarfélags, taka nýja ákvörðun um það með hvaða hætti sameining sveitarfélaganna öðlast gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 2. apríl 2020.*

F. h. r.  
**Ragnhildur Hjaltadóttir.**

*Guðni Geir Einarsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2020